

Mál nr. 111/2013**M****og****Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna A og B****Ágreiningur um hvort bifreið A hafi verið ekið utan í B á bifreiðastæði við Kringluna 22.01. 2013.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 18.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.04. 2013.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Báðum bifreiðum var lagt í bílastæði við Kringluna. B var lagt á undan A. Þegar ökumaður B kom að bifreið sinni var A mjög þétt upp að vinstri hlið B svo að ekki var hægt að fara inn vinstra megin. Ökumaður B tók ljósmynd af aðstæðum. Er hann var kominn heim kveðst hann hafa tekið eftir rispum á bifreið sinni sem hann telur að séu að völdum A. Í framhaldi þessa voru atvik máls þessa tilkynnt og málið sett í ferli, sbr. gögn málsins.

Ökumaður A neitar að hafa ekið utan í B, hann hafi ekki fundið fyrir snertingu á bifreiðum.

Ljósmynd sýnir bifreiðarnar á vettvangi, sem fyrr segir.

Með hliðsjón af gögnum málsins telur Tjónanefnd vátryggingafélganna og vátryggingafélagið nægjanlega sannað að A hafi verið ekið utan í B.

Óþarft er að geta umfjöllun M í málskotinu, hann er ósammála afstöðu félagsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja nægjanlega sannað að A hafi verið ekið utan í B.

Niðurstaða.

A ber ábyrgð á skemmdum á B.

Reykjavík 16. apríl 2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.